
Við tímamót

Yfirvofandi þúsaldamót (svo nýyrðin séu notuð) setja mark sitt æ skýrar á tilveruna. Þúsund ögrandi, ósnortin ár framundan virðast hvetja mannkynið til að treysta rætur sínar í reynslu fortíðarinnar, líta um öxl, spá í framtíðina og spegla núið á báða bóga og stefna saman ólíkum menningarheimum í leitinni að hinu kaotíska samhengi allra tíma. Dæmi um þetta má sjá í Gerðarsafni í Kópavogi en í kjallaranum sýna Sissú Pálsdóttir, Steina Vasulka og Anita Hardy Kaslo „Árþúsunda arkitektúr" og á sýningu Arnar Inga í vestursalnum mætast straumar í ýmsum skilningi.



Örn Ingi: Ég er.

Sundurgerð

Akureyringurinn Örn Ingi er goðsögn í mínum huga en þetta er í fyrsta sinn sem ég stíg fæti inn á sýningu hjá honum. Hann er greinilega allt í senn, hugmyndaríkur, afkastamikill og flinkur þó sumar hugmynda hans þyldu vel frekari úrvinnslu og vissulega megi setja út á tæknilegu hliðina hjá honum, t.d. anatómíuna. Fyrirtæki hans, Arnarauga, framleiðir myndbönd og þætti af ýmsum toga sem virðast bæði vera áhugaverð og talsvert öðruvísi en gengur og gerist.

Sýningin er einlæg, kraftmikil, furðuleg og fjölbreytt. Sundurgerðarleg er kannski besta orðið en verkin eru ólík innbyrðis. Með því að skipta henni upp, t.d. í eina eða tvær málverkasýningar, ljósmyndasýningu og nokkrar innsetningar, mætti vel skerpa á einstökum verkum því miðað við ströngustu kröfur um ögun vinnubrögð er Örn Ingi bremsulaus. Hann leggur öll sín tromp í einu á borðið og kreistir úr sér hvern dropa (sbr.

Myndlist

Áslaug Thorlaicus

allar taurullurnar og titilverkið „Ég er") án þess að velta smáatriðunum of mikið fyrir sér. Það er hins vegar ástæðulaust að gera kröfur um öflugri bremsur enda stendur Örn Ingi föstum fótum í annars konar hefð, nefnilega hefð alþýðulistamanna á borð við Sölva Helgason sem væntanlega er þjóðlegasta hefðin.

Verk manna og náttúru

Sýningin „Árþúsunda arkitektúr" er meira en samsýning, hún er að hluta til samvinnuverkefni þar sem verk Steinu og Sissúar renna í raun saman í eitt. Ljósmyndaröð Anitu stendur hins vegar sem sjálfstætt verk.

Ljósmyndirnar sýna arkitektúr frjókorna frá fornöld og krabbameinsfruma úr samtímanum í mjög mikilli stækkun. Ekki get ég greint frjókorn frá frumu, því get ég ekki borið þetta tvennt saman og lesið samhengið, en myndirnar eru fallegar og standa vel sem slíkar.

Frauðplastform Sissúar mynda bakgrunn myndbanda Steinu, eins konar helli. Þannig tengjast þau bæði elstu heimildum um mannvist og plastöldinni sem við lifum. Um leið vísa þau í alþjóðlega byggingarlistasögu, arfleifð Egypta, Grikkja og Rómverja. píramídi, hleðslur og tilhöggnir „steinar" og bogar á stangli minna á þær minjar sem hvað best tengja okkur við fyrri aldir og árþúsund. Vídeóið sýnir svo síbreytilegan en jafnframt óhagganlegan arkitektúr jarðarinnar sjálfrar, yfirborð hennar og frumkrafta á ólíkum stöðum í heiminum.

Þetta er metnaðarfull sýning og spennandi tilraun. Hún er þó ekki með öllu gallalaus því þrátt fyrir hátækni er „showið" ekki nægilega pottþétt. Hlutur Sissúar er eins og leikmynd sem þolir illa nálægðina við áhorfandann því raunar stendur hann inn í henni miðri. Það hefði þurft að vera hægt að myrkva salinn betur, maður pirrar sig á snúrum og límböndum, auk þess sem uppstillingin er að mínu mati óþarflega dramatísk og flókin á köflum. Það er hins vegar ákaflega flott að sjá myndbandsverkin blandast hvert öðru og brotna á ójöfnum fleti og ef maður horfir fram hjá tæknilegum ágöllum er þetta áhrifaríkt og glæsilegt verk.



Eitt af verkum Steinu Vasulka og Sissúar.

Sýningarnar standa til 31. október. Gerðarsafn er opið alla daga nema mánudaga kl. 12–18.